

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 3. september 2019

Mál nr. S-449/2019:

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

Haukur Gunnarsson saksóknarfulltrúi

gegn

X

Inga Lillý Brynjólfsdóttir lögmaður

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 28. ágúst sl., höfðaði lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu með ákæru 24. maí 2019 á hendur: X, kt. [...], fyrir eftirtalin brot:

1. Umferðarlagabrot, með því að hafa föstudaginn 15. febrúar 2019 ekið bifreiðinni [...] sviptur ökurétti og undir áhrifum áfengis (í blóði mældist vínandamagn 0,92‰) suður Skútuvog að Kleppsmýrarvegi í Reykjavík, þar sem lögregla stöðvaði aksturinn.

M. 007-2019-8416

Telst brot þetta varða við 1., sbr. 2. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., allt sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

2. Líkamsárás, með því að hafa miðvikudaginn 6. mars 2019 á bifreiðastæði við [...], veist með ofbeldi að A, kt. [...], og slegið hann tvisvar með krepptum hnefa í munn og höku.

M. 007-2019-13802

Telst brot þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

3. Hótanir, með því að hafa mánudaginn 11. febrúar 2019 og þriðjudaginn 12. febrúar 2019 hótad B, kt. [...], ofbeldi með eftirfarandi SMS-skilaboðum sem

hann sendi úr farsíma sínum, símanúmer [...], í farsíma B, en efni skilaboðanna var til þess fallið að vekja hjá henni ótta um líf sitt, heilbrigði og velferð:

1. „eg hóta ekki hlutum eg geri tá vertu ekki að hringja út um allan bæ og bulla tetta shit”
2. „eg vara tig við, tu ert ekki tad sem eg og minir vilja hitta”
3. „nei ég mun meida tig [...] vertu ekki að nálgast mig eg er ekki að fokking grínast tu gerdir mig að algjoru fíflí”
4. „haltu tig bara við [...] og co tu ert ekki á vinsældarlistanum hjá minum og tad heimskulegasta sem þú getur gert er að birtast hjá okkur”
5. „eg læt ekki bjoda mer tetta gerdu sjalfri ter greida vertu bara með astinni tinni honum [...] tíð viljíd ekki mæta mer nuna eg a eftir að skada ræfla eins og ykkur til frambudar”

M. 007-2019-8778

Telst brot þetta varða við 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

4. Hótanir, með því að hafa aðfaranótt 31. mars 2019 hótað B, kt. [...], lífláti með eftirfarandi SMS-skilaboðum sem hann sendi úr farsíma sínum, símanúmer [...], í farsíma B, en efni skilaboðanna var til þess fallið að vekja hjá henni ótta um líf sitt, heilbrigði og velferð:

1. „þú ert dauð núna”
2. „það er engin lögga að fara að vernda það að ég drepi þig núna”.

M. 007-2019-13500

Telst brot þetta varða við 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

5. Hótanir, með því að hafa fimmtudaginn 11. apríl 2019 í fangelsinu á Hólmsheiði í Reykjavík, hótað að éta andlit B, kt. [...], og drepa hana, en hótanirnar viðhafði ákærði í viðurvist lögreglumanna.

M. 007-2019-13500

Telst brot þetta varða við 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta sviptingu ökuréttar, skv. 101. og 102. gr. laga nr. 50/1987, sbr. 25. og 26. gr. laga nr. 44/1993, sbr. 18. gr. laga nr. 66/2006.

Einkaréttarkrafa:

Í málinu gerir Stefán Karl Kristjánsson lögmaður, f.h. B, kt. [...], kröfu um að ákærði verði dæmdur til að greiða kröfuhafa kr. 4.500.000,- með vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 12. febrúar 2019 til þess dags er bótakrafa er kynnt fyrir ákærða, en að mánuði liðnum frá birtingu bótakröfu er krafist dráttarvaxta skv. 1. mgr. 6. gr. til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ákærða, kröfuhafa að skaðlausu, samkvæmt málskostnaðarreikningi sem lagður verður fram við meðferð málsins eða að mati dómsins.“

Þann 20. júní 2019 gaf lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu út aðra ákæru á hendur ákærða og var meðferð málanna sameinuð, sbr. 1. mgr. 169. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Ákærði er þar ákærður fyrir „eftirtalin brot:

1. Brot gegn nálgunarbanni, með því að hafa þriðjudaginn 28. maí 2019 og miðvikudaginn 29. maí 2019 sent B, kt. [...] eftirfarandi SMS skilaboð úr síma sínum, [...], þrátt fyrir að ákærða væri bannað að nálgast B á almannaferi eða setja sig í samband við hana með öðrum hætti á sama tíma samkvæmt ákvörðun lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu frá 2. apríl 2019, sem birt var fyrir ákærða sama dag:

1. „mannleisur“ (sent kl. 22:41 þann 28.05.2019)
2. „sama sem aumingjar af tvi ad tu skilur ekki mællt mal hahaha“ (sent kl. 22:45 þann 28.05.2019)
3. „aular ræflar vesalingar skitur hringid aftur i lögguna fokking ræflar tad er tad eina sem tid getit !!!!“ (sent kl. 04:34 þann 29.05.2019)
4. „tid munid tad kanski næst ad starta ekki tvi sem tid ráðid ekki vid fokking pikur eg er buin ad vera i klefa i 3 manudi ut af horu skapnum tinum nu tarf eg ad borga ykkur tad“ (sent kl. 04:51 þann 29.05.2019)

M. 007-2019-33193

Telst brot þetta varða við 232. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2. Brot gegn nálgunarbandi, með því að hafa miðvikudaginn 29. maí 2019, fimmtudaginn 30. maí 2019 og föstudaginn 31. maí 2019 sent B, kt. [...] eftirfarandi SMS skilaboð úr síma sínum, [...], þrátt fyrir að ákærða væri bannað að nálgast B á almannafæri eða setja sig í samband við hana með öðrum hætti á sama tíma samkvæmt ákvörðun lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu frá 2. apríl 2019, sem birt var fyrir ákærða sama dag:

1. „Tid erud svo mikid krutt voru tid ad klaga i lögguna aftur hahaha“ (sent kl. 17.40 þann 29.05.2019)
2. „mig langar i slagsmal vid ykkur aulana endilega tori tid tvi og mælum okkur mot“ (sent kl. 10:52 þann 30.05.2019)
3. „leifid mer ad svara fyrir tennan vidbjod sem tid gerdud mer“ (sent kl. 10:55 þann 30.05.2019)
4. „hafid tid virkilega ekki þor i ad hitta mig og taka ábyrgð á ykkar gjörðum gagnvart mer ætlid tid bara ad fela ykkur bakvid lögguna tad sem eftir er reinid ad manna ykkur upp og feisid mig tussur“ (sent kl. 17:47 þann 30.05.2019)
5. „tad kemur sá dagur sem tid mætid mer hafid eingar áhyggjur af tvi ad tid sleppid frá mer tad mun aldrei gerast hahaha“ (sent kl. 05:35 þann 31.05.2019)
6. „ógedid og vidbjodurinn sem tu hefur gert mer ta finnst mer best ad eg endadi sem vondi gæjinn“ (sent kl. 05:57 þann 31.05.2019)
7. „mer er skit sama eg hlakka bara til ad berja ykkur“ (sent kl. 06:03 þann 31.05.2019)

M. 007-2019-33534

Telst brot þetta varða við 232. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

3. [...]

4. [...]

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Í málinu krefst Eva Dóra Kolbrúnardóttir hdl., f.h. B, kt. [...], að ákærða verði gert að greiða [B] miska- og skaðabætur samtals að fjárhæð kr. 2.776.401,- auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá tjónsdegi 12. febrúar 2019 þar til mánuður er liðinn frá því að bótakrafa þessi er birt en með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.“

Þann 20. júní 2019 gaf lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu einnig út framhaldsákæru á hendur ákærða. Þar er aukið við ákæru sem útgefin var 24. maí 2019 á hendur ákærða með þeim hætti, „að í málinu krefst Eva Dóra Kolbrúnardóttir, hdl., f.h. A, kt. [...], að ákærða verði gert að greiða [A] miska- og skaðabætur samtals að fjárhæð kr. 600.000,- auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá tjónsdegi 6. mars 2019 þar til mánuður er liðinn frá því að bótakrafa þessi er birt en með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun. [Af hálfu bótakrefjanda er vísað til] 1. mgr. 153. gr. og 1. mgr. 173. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008.“

Af hálfu ákæruvaldsins var við aðalmeðferð málsins fallið frá 3. og 4. lið ákæru dagsettrar 20. júní 2019. Þá var einnig við aðalmeðferð málsins fallið frá þeim hluta einkaréttarkröfu B er varðar útlagðan kostnað sem tilkominn er vegna 3. og 4. liða í ákæru dagsettri 20. júní 2019, þ.e. annað en útlagðan kostnað vegna Áfalla- og sálfræðimiðstöðvarinnar, öryggiskerfis og myndavéla.

Ákærði krefst þess að hann verði sýknaður af þeim brotum sem tilgreind eru í 2.-5. liðum ákæru frá 24. maí 2019 en dæmdur til vægustu refsingar er lög leyfa vegna 1. liðar þeirrar ákæru og 1. og 2. liðar ákæru frá 20. júní 2019. Þá krefst hann þess að öllum bótakröfum verði vísað frá dómi en til vara að fjárhæð þeirra verði stórlega lækkuð og greiðslu alls útlagðs kostnaðar hafnað og krefst þess sérstaklega að kostnaður vegna geðmats verði felldur á ríkissjóð. Þá krefst hann hæfilegra

málsvarnarlauna að mati dómsins með hliðsjón af tímaskýrslu verjanda, sem greiðist úr ríkissjóði, auk aksturskostnaðar. Þá er þess krafist að við ákvörðun málsvarnarlauna verði tillit til virðisaukaskatts.

I

Málsatvik

Ákærði og B áttu í ástarsambandi um nokkurt skeið. Atvik málsins gerðust eftir að því lauk. Ákærði taldi þá að B hefði á meðan á sambandi þeirra stóð haldið framhjá honum með A. B lagði 25. febrúar 2019 fram kæru á hendur ákærða vegna hótana í SMS-skilaboðum sem ákærði sendi henni 11. og 12. febrúar 2019, og tilgreind eru í 3. lið ákærunnar frá 24. maí sl., og eignaspjalla. Þá barst lögreglu 7. mars 2019 tilkynning um eld í íbúð B að [...]. Þegar lögregla koma á vettvang var B þar ásamt A og var búið að slökkva eldinn. Í skýrslu lögreglu kemur fram að þau hafi talið sig hafa heyrt einhvern eiga við gardínu inni á baðherbergi og þegar B hafi opnað þar inn hafi komið blossi og svo hávær hvellur. Þau hafi talið að ákærði ætti sök á eldsvoðanum.

Þann 8. mars 2019 undirritaði ákærði yfirlýsingu hjá lögreglu þess efnis að hann væri reiðubúinn að skuldbinda sig til að koma ekki á eða vera við heimili B að [...] og jafnframt að veita ekki eftirför, heimsækja eða vera með öðru móti í sambandi við B, svo sem með símtölum, tölvupósti eða öðrum hætti, í sex mánuði. B hafði á ný samband við lögreglu að morgni 1. apríl 2019 vegna tveggja hótana sem henni höfðu borist með SMS-skilaboðum frá símanúmeri ákærða, [...], aðfaranótt 31. mars 2019. Þar segir: *þú ert dauð núna ... og það er engin lögga að fara að vernda það að ég drepi þig núna ...* Að beiðni B lagði lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu nálgunarbann á ákærða 2. apríl 2019. Var þar lagt bann við því að ákærði kæmi á eða í námunda við heimili hennar að [...], á svæði sem afmarkast við 50 metra radíus umhverfis húsið mælt frá miðju þess. Jafnframt var lagt bann við því að ákærði veitti henni eftirför, nálgadist hana á almannafæri eða setti sig í samband við hana með öðrum hætti á sama tíma. Gildir bannið til 1. október 2019, klukkan 16.00.

Í skýrslutöku hjá lögreglu 2. apríl 2019 viðurkenndi ákærði að hafa sent skilaboðin til B og kvaðst hann ætla að standa við þau og kála þeim A, strax eftir skýrslutöku hjá lögreglu, og það myndi ekkert nálgunarbann stöðva það og hann myndi ekki una nálgunarbanninu. Af hálfu lögreglu var þá krafist gæsluvarðhalds yfir ákærða og með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness 2. apríl var honum gert að sæta gæsluvarðhaldi

til 30. apríl 2019, sem síðan var framlengt til 28. maí 2019. Ákærði losnaði þann dag úr gæsluvarðhaldi. Í skýrslutöku af ákærða 11. apríl 2019, í fangelsinu á Hólmsheiði í Reykjavík, hóttaði hann því, í viðurvist lögreglumanna, að éta andlit B og drepa hana.

Þann 29. maí 2019 lagði B fram kæru vegna þeirra SMS-skilaboða sem greinir í 2. lið ákæru frá 20. júní 2019 og 31. maí 2019 vegna skilaboðanna sem greinir í 3. lið ákærunnar. Voru bæði málin tekin til rannsóknar vegna gruns um að ákærði hefði með skilaboðunum brotið gegn nálgunarbanninu.

Lögreglu barst tilkynning 3. júní 2019 um að ákærði hefði brotið gegn ákvörðun um nálgunarbann frá 2. apríl 2019. B hafi mætt á lögreglustöðina í Hafnarfirði og tilkynnt að ákærði hefði nálgast sig við Hvaleyrarvatn í Hafnarfirði þar sem hún hefði setið í bíl sínum. Henni hafi tekist að flýja og ekið beint á lögreglustöð til að leggja fram kæru. Að kvöldi 3. júní 2019, kl. 18:54, barst lögreglu tilkynning um að rúða á heimili móður B hefði verið brotin og var ákærði grunaður um að hafa brotið hana, en fyrr um daginn hefði ákærði haft samband við vinkonu B og tjáð henni að hann hygðist vinna B mein. Síðar sama kvöld, kl. 20:01, barst lögreglu tilkynning um að ákærði hefði kastað grjóti í rúðu á heimili A en vitni hafi talið sig sjá ákærða aka brott af vettvangi.

Ákærði var handtekinn 4. júní 2019 og með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness sama dag var hann úrskurðaður í gæsluvarðhald til 2. júlí 2019. Það var síðan með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur framlengt, fyrst til 30. júlí, síðan 27. ágúst og loks til 3. september.

A lagði 8. mars 2019 fram kæru vegna þeirrar líkamsárásar sem lýst er í 2. lið ákærunnar frá 24. maí. Hann sagði ákærða hafa komið á vinnustað sinn og sagt honum að koma út og slást við sig. Þetta hafi ákærði gert þar sem hann hefði verið haldin þeim ranghugmyndum að vitnið væri að sofa hjá B. Hann hafi sagt ákærða að hann ætlaði ekki að slást en ákærði hafi þá ráðist á hann. Það hafi orðið einhverjar ryskingar á milli þeirra og hafi ákærði náð að koma á hann tveimur höggum með krepptum hnefa sem hæfðu hann annars vegar á munn og hins vegar í hökuna.

Í framburði sínum hjá lögreglu viðurkenndi ákærði að hafa sent öll þau skilaboð sem getið er um í þeim ákærum sem hér eru til meðferðar. Þá kannaðist hann við að hafa farið á vettvang þeirra atvika sem greinir í 2. tölulið ákæru frá 24. maí 2019 og kvaðst hafa „pikkað fight“ og hafa farið á staðinn til að slást við A þar sem A hefði verið með B á þeim tíma þegar hann og B voru saman. Hann hafi beðið A að koma í slag og þeir

hafi farið í slag. Viðurkenni ákærði að hafa veitt A eitt högg. A hafi ætlað að slá ákærða sem hafi þá náð að kýla hann einu sinni með krepptum hnefa.

Í málinu liggur fyrir upptaka vegna þeirra atvika sem getið er um í 2. ákærulið ákæru frá 24. maí 2019 og skýrsla lögreglu um skoðun á þeirri upptöku. Í skýrslunni kemur fram að þar sjáist að A er á vettvangi og að hann flýtir sér inn í hús og virðist vera í uppnámi á sama tíma og ákærði sést þar fylgjast með honum. Sjást þeir báðir í mynd aftur 16 sekúndum síðar og megi á látbragði þeirra sjá að þeir hafi verið í átökum, en þeir ganga ógnandi hvor að öðrum og er ákærði með hnefana á lofti. Þá hverfur A úr mynd og fer ákærði á eftir honum og virðist veita A högg með hægri hendi en ekki sjáist hvar höggið lendir á A. Hann kemur síðan inn í mynd aftur en ákærði hverfur úr mynd og sést þá að A slær til ákærða en ekki sést hvort höggið hæfir ákærða. Þá koma þeir báðir aftur í mynd og ákærði sést ítrekað ganga ógnandi að A og stíga þar fram og til baka en svo hverfur hann úr mynd. Skömmu síðar koma þeir báðir aftur í mynd og A sparkar þá tvisvar í átt að ákærða en ekki sést hvort spörkin hæfa hann. Stuttu síðar kemur þriðji maðurinn að þeim og hleypur ákærði þá á brott.

Þá liggja fyrir ljósmyndir af A, teknar af lögreglu, þar sem sjá má áverka á munni hans. Loks liggur fyrir vottorð [...] læknis, dagsett 29. mars 2019. Þar kemur fram að A kom til skoðunar 7. mars 2019 og reyndist hann þá vera með bólgu á neðri vör hægra megin og var þreyfiaumur á höku.

Fyrir liggur afrit af þeim skilaboðum sem ákærði er ákærður fyrir að senda B og má þar, eftir atvikum, sjá þau samskipti sem hann átti þannig við B þegar skilaboðin voru send. Þá gaf B ítrekað skýrslur hjá lögreglu við rannsókn málsins og er ekki talin ástæða til að rekja efni þeirra sérstaklega.

[...] geðlæknir framkvæmdi sálfræðimat og geðrannsókn á ákærða vegna málsins og liggur fyrir mat hans, dagsett 28. apríl 2019. Þar segir að ekki hafi komið fram vísbendingar um einkenni geðrofs, ranghugmynda, rugls eða ofskynjana við geðskoðun. Ákærði sé örugglega vel gefinn og beri engin merki um þunglyndissjúkdóma, kvíðaröskun, geðhvarfasjúkdóm eða eiginlegan geðklofasjúkdóm. [...]. Þá viðurkenni hann að hafa neytt amfetamíns en geri lítið úr notkun síðustu mánuði og telur matsmaður að saga ákærða sýni að hann eigi í alvarlegum vanda með notkun áfengis og amfetamíns. Ákærði hafi a.m.k. þrisvar áður sýnt slíkar ofbeldishótanir og hegðun sem tendrist eftir mikla neyslu og vonbrigði í ástamálum. Saga ákærða bendi til þess að þegar ákærði hafi þegið meðferð hafi gengið betur og hann jafnað sig. Þá er það niðurstaða matsmanns að

áhættumat sýni mikla hættu á endurteknu ofbeldi verði ákærða sleppt á því tímamarki þegar matið var gert. Það var niðurstaða matsmanns að ákærði væri örugglega sakhæfur samkvæmt 15. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 yrði hann fundinn sekur um afbrot. Þá telur hann að framangreind einkenni ákærða leiði ekki til þess að 16. gr. laganna eigi við um hann.

II

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærða og vitna fyrir dómi að því marki sem nauðsynlegt er til úrlausnar málsins.

Ákærði sagði í framburði sínum fyrir dómi, hvað varðar 1. lið ákæru frá 24. maí 2019, að hann játaði brotið alfarið en bílnúmer væri þar ranglega tilgreint. Hann hefði sett númer annarrar bifreiðar sem hann átti á bifreiðina en myndi nú ekki hvaða númer.

Hvað varðar þau atvik sem greinir í 2. lið ákærunnar sagði ákærði að um hefði verið að ræða rifrildi út af framhjáhaldi. Ákærði kvaðst hafa verið búinn að vera með B í um ár þegar atvik gerðust en þau hefðu verið búin að vera „af og á“ saman síðustu sex ár. Hún hafi alltaf haldið framhjá honum þegar þau voru saman. Samband þeirra hafi verið orðið alvarlegt en hann hafi ekki haft hugmynd um að hún hefði haldið við A allan tímann. Hann hefði komist að því eftir að þau voru hætt saman.

Ákærði játaði því að hafa verið frekar æstur þegar hann kom á vettvang og að hann hefði örugglega virkað eitthvað ógnandi. Hann hafi komið þangað til að ræða við A. Hann hafi gripið eitthvað í A sem ætlaði að ganga í burtu og vildi ekki ræða við hann. A hafi þá ráðist á ákærða og sparkað ítrekað í hann og slegið hann. Ákærði hafi þá sveiflað höndunum sem hafi þá eitthvað farið í A en það hafi ekki verið alvarlegt. Sagði ákærði að þetta hefði verið rifrildi en ekki líkamsárás. Kvaðst hann ekki vita hvort hann hefði slegið A í andlitið. Hann hafi ekki átt upptökin að átökunum og hafi einungis verið að verja sig þegar A byrjaði að sparka í hann og kýla. Það hafi síðan verið ákærði sem hljóp burt af því að vinur A var kominn á vettvang og ætlaði að ráðast á hann. Þeir hafi hlaupið á eftir ákærða og þannig hafi átökunum lokið. Ákærði kvaðst bæði hafa verið æstur og hræddur. Eftir að hafa skoðað myndband úr eftirlitsmyndavél sem sýnir hluta atburðarásarinnar ítrekaði ákærði að A hefði ráðist á hann og sagði að þar mætti sjá að sjálfur hefði hann verið í varnarstöðu. A hafi vitað

hvar myndavélarnar voru og ekki ráðist á hann á svæði sem myndavélarnar náðu til og þar hafi mestu slagsmálin verið. Ákærði kvaðst hafa verið með svipaða áverka og A eftir þetta.

Hvað varðar þau atvik sem greinir í 3. lið ákærunnar frá 24. maí 2019, þá viðurkenndi ákærði að hafa sent öll skilaboðin sem þar greinir og kvaðst hann hafa verið niðurlægður og reiður þegar hann gerði það. Þetta hafi ekki verið hótanir og það hafi ekki verið ætlun hans að fremja einhver illvirki. Eftir þetta hafi hann verið lagður í einelti af hálfu lögreglu og það orðið til þess að hann missti vinnuna. Þá hafi hann ekki getað leitað til vina sinna af því að lögreglan hafi alltaf verið að banka upp á hjá þeim vegna hans. Hann kvaðst hafa byrjað að senda skilaboðin þar sem hann hefði verið nýbúinn að fréttu að B hefði verið að halda framhjá honum með A og verið reiður. Ekki hafi verið ætlunin að hóta B. Aðspurður kvaðst hann ekki vita hvaða merkingu hún hefði átt að leggja í skilaboðin, líklega að gera sér grein fyrir því að hann væri sár og reiður yfir þessu. Ef hún hefði tekið þessu illa þá ætti hún að vita það að „svona gerningur gerir manneskju ekki glaða“.

Aðspurður sérstaklega um þau skilaboð sem tilgreind eru í 3. ákærulið sagði ákærði um 1. tölulið að B hefði verið að segja öllum vinum hans að hann væri að hóta henni, sem hefði ekki verið rétt. Hvað varðar 2. tölulið þá benti ákærði á að það hefði verið B sem var að sækjast eftir að koma til hans. Varðandi 3. tölulið sagði ákærði að hann hefði ekki viljað meiða B. Hann hafi verið svo reiður að hann vildi ekki nálgast hana af því að hann var ekki viss um það hvort hann gæti gert eitthvað. Það hljóti að sjást að það sé ekki hótun sem greinir í 3. tölulið. Hann segi að hann vilji ekki meiða hana og þess vegna sé hann að reyna að forðast hana og biðji hana að koma ekki nálægt sér. Ákærði staðfesti að hafa sent skilaboðin til hennar en þau væru slitin úr samhengi. Þetta séu ekki hótanir heldur „sár og reið manneskja“.

Hvað varðar þau skilaboð sem greinir í 4. tölulið sagði ákærði ástæðuna fyrir því að hann sendi skilaboðin vera þá að hann hefði verið búinn að láta hana alveg í friði en hún hefði, dagana áður en þessi skilaboð voru send, verið að hringja í vinnuveitanda hans og í vini hans og kenna honum um eitthvað sem hann hefði ekki gert. Lögreglan hefði alltaf verið að koma í vinnuna til hans og sækja hann. Vinnuveitandi hans hefði gefist upp og þetta orðið til þess að hann missti vinnuna. Ákærði staðfesti að hafa sent skilaboðin og sagði það hafa verið sama dag og hann missti vinnuna. Hann hafi ekki verið að hóta B með þessum skilaboðum, og hún viti

það, heldur hafi hann verið reiður og tekið svona til orða. Hann segi oft við félagana sína „ég drep þig fíflað þitt“. Svona sé orðbragð hans og þeir viti alveg að hann sé ekki að fara að gera það. Þá hafi hann aldrei meitt B og hún hafi átt að leggja þá merkingu í skilaboðin að hann væri reiður.

Þá sagði ákærði að með þeim skilaboðum sem greind eru í 5. tölulið hafi hann verið að biðja B að koma ekki nálægt sér. Ekki hafi verið um hótanir að ræða og hafi hún ekki haft ástæðu til að óttast hann á þessum tímamarki. Hann hafi verið sár, svekkur og reiður. Hann viðurkenni að hafa viðhaft þessi orð. Ákærði sagði að þau B hefðu verið í SMS-samskiptum í einhvern tíma en það liti mjög illa út þegar það sem hann sagði væri slitið úr samhengi. Hún hafi einnig verið búin að senda honum skilaboð. Hún hafi ekki átt neitt erindi við hann þannig að hún hafi þurft að hitta hann en hafi kannski ætlað að afsaka framhjáhalðið. Hann hafi ekki viljað hlusta á það.

Ákærði staðfesti að hafa 8. mars 2019 undirritað yfirlýsingu hjá lögreglu þar sem hann skuldbatt sig til að nálgast ekki B en kvaðst hafa sent skilaboðin þrátt fyrir það. Þau hafi sjálf ekki verið í samskiptum dagana áður en skilaboðin voru send en hún hafi sífellt verið að kvarta undan honum við hans nánustu. Þess vegna hafi hann rofið samninginn við lögreglu sem hann hafði ætlað sér að standa við. Ákærði sagði að á þeim tíma sem þau brot sem hann er ákærður fyrir gerðust hefði hann átt við áfengisvanda að stríða og oft verið heimilislaus. Hann sé nú að taka á áfengisvanda sínum og sé í námi.

Vitnið B sagði í framburði sínum fyrir dómi að sér hefði borist mikið af hótunum og ljótum skilaboðum frá ákærða. Hún muni ekki nákvæmlega hvað gerðist 12. febrúar 2019, þegar hún fékk skilaboðin, eða um hvað þau hafi þá verið að ræða. Hún hafi einnig verið að senda ákærða skilaboð og þau hafi hún lagt fram hjá lögreglu. Þau hafi hætt saman í desember 2018 en síðan byrjað aftur saman í janúar 2019 og þá verið saman í um eina og hálfu viku en sambandið ekki gengið upp. Hún kvaðst muna eftir að hafa fengið öll þau skilaboð sem tilgreind eru í 3. ákærulið. Hún hafi verið skíthrædd þegar hún fékk þau og sár. Ákærði hefði þó hótað henni áður einhverju svipuðu og beitt einhverju „í áttina að ofbeldi“, t.d. ýtt við henni í eitt skipti.

Vitnið sagði að það hefði verið ætlun hennar að fara til ákærða með restina af fötunum hans og tala við hann til að reyna að sættast en hún hefði verið mjög hrædd við að fara til hans. Henni hafi fundist þetta mjög leiðinlegt og ekki skilið hvað var í gangi og hvaðan þessar ásakanir komu. Sagðist hún hafa verið hrædd þótt samskiptin

bendi ekki til þess og kvaðst hún hafa verið að reyna að leika sama leikinn og ákærði og haldið að það mundi virka. Hún meini það ekki svo að hún hafi einnig verið að hóta honum. Hún sagði að ákærði hefði alltaf einhvern veginn reynt að berja hana niður og hún hefði verið orðin leið á því að láta hann valta yfir sig og hefði því svarað honum fullum hálsi.

Vitnið sagði þau atvik sem greinir í 4. ákærulið tengjast því þegar ákærði fór á [...] og þar hafi hann ætlað að skemma bifreið hennar sem var þar. Skilaboðin hafi verið send sama dag eða daginn eftir. Vitnið kvaðst hafa verið „ógeðslega hrædd“ við ákærða eftir að hafa fengið þessi skilaboð. Hún kvaðst hafa farið til lögreglu daginn eftir og lagt fram beiðni um nálgunarbann. Daginn eftir hafi hún heyrt að ákærði hefði verið úrskurðaður í gæsluvarðhald. Hún hafi á þessum tíma verið með þrjár bifreiðar og hafi ákærði verið búinn að skemma tvær þeirra, brjóta rúðupurrkuarmana af, og hafi hún því falið þriðju bifreiðina. Vitnið kveðst hafa óttast um líf sitt og hafa gert það í margar vikur. Hún hafi verið búin að leita til sálfræðings eftir þetta og einnig til kvennaathvarfsins. Þá hafi heilsa hennar ekki verið góð. Hún sé í endurhæfingu en hafi ekki mætt vel og sé það að mestu leyti út af þessu. Einnig sé hún nú með öryggiskerfi á heimili sínu, myndavélar bæði úti og í bifreið sinni og neyðarhnapp. Hún sé hrædd við að svara spurningum fyrir dómi vegna málsins af því að ákærði sé viðstaddur. Hún sé hrædd um að hann taki upp á einhverju og að hann haldi þessu áfram.

Þá sagði vitnið að eftir að hún fékk skilaboð frá ákærða í lok maí hefði ákærði hringt í hana þegar hann losnaði úr gæsluvarðhaldi. Hún hafi ekki þorað að vera heima hjá sér á því tímabili þegar ákærði gekk laus og hafi hún þá gist annars staðar af ótta við ákærða. Kvaðst hún hafa óttast að hann gerði henni mein. Hún sagði málið hafa tekið mikið á sig.

Vitnið A sagði ákærða hafa komið á vettvang og beðið vitnið að koma út og slást við hann. Því hafi vitnið neitað og hafi ákærði þá ráðist á hann og hafi vitnið einungis reynt að verja sig. Ákærði hafi talið að vitnið hefði verið með B á meðan ákærði var með henni. Hafi ákærði sagt við vitnið að það væri kominn tími til að hann borgaði og hafi vitnið skilið það svo að ákærði hafi ætlað að ráðast á hann út af þessum sambandsmálum. Vitnið sagði að ákærði hefði átt upptökin að þessum atvikum en hann hefði reynt að verja sig. Hann hafi sparkað ákærða frá sér þegar hann kom hlaupandi að vitninu en viti ekki hvar hann hæfði ákærða. Vitnið sagði að ákærði hefði

slegið sig tveimur hnefahöggum sem hefðu lent á andliti vitnisins sem hefði hlotið við það áverka, óþægindi við háls og munn. Einhverjir fleiri hafi komið hlaupandi að og þá hafi ákærði hlaupið á brott.

Vitnið C lögreglumaður sagði upphaf málsins hafa verið það að B kom til lögreglu og lagði fram kæru vegna hótana og eignaspjalla. Grunur hefði þá leikið á því að ákærði hefði kastað flugeldum á pall og inn um glugga á heimili hennar og eyðilagt rúðupurrkur á bifreiðum hennar. Þá hafi henni borist hótanir í SMS-skilaboðum. Vitnið kvaðst hafa tekið á móti kæru vegna skilaboðana frá 12. febrúar 2019 og tekið í kjölfarið skýrslu af ákærða. Þá kvaðst vitnið einnig hafa yfirheyrt ákærða vegna skilaboða er bárust B 31. mars 2019. Hefði ákærði viðurkennt að hafa sent þau. Fyrst hafi hann sagt að hann hafi ekki ætlað að láta verða af hótununum en síðan viðurkennt að hafa ætlað að „ganga frá“ B og kærasta hennar. Hafi hann sagst ætla heim til þeirra og ganga frá þeim eftir skýrslutökuna. Í lok skýrslutökunnar hafi ákærða verið birt ákvörðun um nálgunarbann og hann þá sagt að ekkert nálgunarbann mundi stöðva hann í að fara og ganga frá þeim.

Þá sagði vitnið að í skýrslutöku af ákærða 11. apríl 2019 hafi ákærði enn sagt að hann ætlaði að ganga frá B eftir að hann yrði laus úr fangelsi. Hann hafi verið spurður hvernig hann ætlaði að láta verða af því og sagt þá að hann ætlaði að éta af henni andlitið. Hann ætlaði að drepa hana og hún mundi fá það sem hún ætti skilið. Aðspurtt hvort hann hafi útskýrt nánar hvað hún ætti skilið sagði vitnið að hann hefði sagst vera henni reiður af því að hún ætti sök á því að hann væri í fangelsi. Vitnið sagði að ákærði hefði einnig sagt að því lengur sem hann væri inni, þeim mun lengur fengi hún að lifa. Sagði vitnið að það að tala um að éta á einhverjum andlitið væri dálítið harkalega orðað og einnig að segjast ætla að drepa einhvern. Þá sagði vitnið að lögregla hefði talið ástæðu til að taka þessar hótanir alvarlega. Einnig sagði vitnið að komið hefði fram hjá ákærða í skýrslutökunni að hann hefði ætlað að gera alvöru úr þessum hótunum þegar hann yrði laus. Sagði vitnið að það væri sérstakt að segja lögreglu frá því í skýrslutöku að viðkomandi ætlaði sér að fremja afbrot. Hann hafi þarna verið búinn að missa vinnuna og verið húsnæðislaus og kennt B um að svona var komið og því hefði hann verið reiður. Aðspurð af verjanda sagði vitnið að mögulegt væri að ákærði hefði sagt þetta til að komast í húsnæði með því að fara í gæsluvarðhald. Strax eftir að þessar hótanir komu fram hafi verið óskað eftir því að ákærði gengist undir geðrannsókn. B hafi ekki, á þessum tíma, verið látin vita af

Þessum hótunum ákærða. Í ljósi þess að ákærði lýsti því yfir að nálgunarbann mundi ekki stöðva hann við að gera alvöru úr hótunum sínum hafi verið ákveðið að gera kröfu um að ákærði sætti gæsluvarðhaldi.

III

Niðurstaða

Ákærði hefur skýlaust játað þá háttsemi sem honum er gefin að sök í 1. lið ákæru frá 24. maí 2019 og 1. og 2. lið ákæru frá 20. júní 2019. Hann gerði þá athugasemd að númer þeirrar bifreiðar sem hann ók væri rangt í fyrstnefnda ákæruliðnum. Er þar um að ræða aukaatriði brots sem engin áhrif hefur við úrlausn málsins og dregur á engan hátt úr gildi játningar ákæra. Játning ákærða á þeim brotum sem lýst er í framangreindum ákæruliðum fær fulla stoð í gögnum málsins. Sannað er með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í framangreindum ákæruliðum og eru brot hans þar rétt heimfærð til refsíákvæða.

Ákæruefni máls þessa, annað en það sem greinir í 1. lið ákæru frá 24. maí 2019, varðar atvik er gerðust í kjölfar sambandsslit ákærða og B.

Í 2. lið ákæru frá 24. maí 2019 er ákærða gefin að sök líkamsárás sem talin er varða við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa veist að A. Í framburði sínum hjá lögreglu sagði ákærði að þeir A hefðu farið í slag þar sem ákærði taldi að B hefði haldið framhjá sér með A á meðan þau voru saman. Hann hefði náð að kýla A einu sinni með krepptum hnefa. Fyrir dómi gerði ákærði minna úr þætti sínum og kvaðst hafa sveiflað höndunum, eftir að A veittist að honum, sem hefðu þá eitthvað farið í A en það hefði ekki verið alvarlegt og kvaðst hann ekki vita hvort hann hefði slegið A í andlitið.

Framburður A um atvik hefur verið stöðugur í gegnum meðferð málsins. Sagði hann ákærða hafa veist að sér og hefði hann reynt að verjast árás ákærða. Sagði hann ákærða hafa veitt sér tvö hnefahögg í andlit og við það hefði hann hlotið áverka á munn og háls. Þá liggur fyrir ljósmynd af A sem lögregla tók og læknisvottorð þar sem fram kemur að A hafi eftir atvikið verið með áverka á munn og höku. Bæði ákærði og A telja sig hafa verið að verjast hinum. A taldi að hann hefði veitt ákærða einhver högg þegar hann var að verjast honum og staðfesti ákærði það í framburði sínum. Af upptöku úr eftirlitsmyndavél af vettvangi má ráða að ákærði hafi verið

reiður þegar hann kom þangað og að hann hafi sótt að A í upphafi. Af líkamsstöðu þeirra má ætla að ákærði hafi strax verið tilbúinn til átaka en ekki A.

Af hálfu ákærða er vísað til þess að ekki verði byggt á áverkavottorði þar sem sá læknir sem skrifaði það kom ekki fyrir dóminn til að staðfesta það. Engin efnisleg athugasemd hefur hins vegar verið gerð við efni vottorðsins, sem er í samræmi við bæði framburð A og ljósmyndir sem teknar voru af A hjá lögreglu. Þó að fram sé komið að A hafi varist ákærða með spörkum verður ekki fram hjá því litið að framlögð gögn benda til þess að ákærði hafi leitað eftir átökum við A. Verður því ekki á það fallist með ákærða að um slagsmál hafi verið að ræða. Með vísan til framangreinds og þá sérstaklega stöðugs framburðar A sem fær stoð í framangreindum gögnum, telur dómurinn nægilega sannað, þannig að hafið sé yfir skynsamlegan vafa, að ákærði hafi veist að A eins og lýst er í 2. ákærulið.

Ákærða eru í 3.-5. lið ákæru frá 24. maí 2019 gefnar að sök hótanir og eru brot hans þar talin varða við 233. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt ákvæðinu skal hver sem hefur í frammi hótun um að fremja refsiverðan verknað og hótunin er til þess fallin að vekja hjá öðrum manni ótta um líf, heilbrigði eða velferð sína eða annarra sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Í dómaframkvæmd hefur við mat á því hvort að um hótun sé að ræða hefur m.a. verið litið til þess hvort það sé á valdi þess sem hótar að framkvæma hótun eða að sá sem hótun beinist að telji svo vera. Í gegnum meðferð málsins lagði B ítrekað fram kæru á hendur ákærða m.a. vegna hótana og gerði ýmsar ráðstafanir vegna þeirra, m.a. fékk hún sér öryggiskerfi og myndavélar á heimili sitt. Af þeim má ráða að hún hafi strax í febrúar verið farin að óttast ákærða mikið. Þetta ítrekaði hún í framburði sínum fyrir dómi og augljóst var á líðan hennar að hún óttaðist ákærða auk þess sem hún kvaðst eiga erfitt með að tjá sig um atvik vegna nærveru hans. Í skýrslu ákærða hjá lögreglu sagði hann ítrekað að hann ætli sér að láta verða af hótunum um líkamsmeiðingar gagnvart B og vilji vinna henni mein.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa sent B þau skilaboð er greinir í 3. lið ákærunnar og liggur fyrir útprentun af þeim samskiptum þeirra þar sem skilaboðin eru sett fram. Ákærði byggir vörn sína á því að efni skilaboðanna samkvæmt orðalagi þeirra hafi ekki verið þess eðlis að talið verði að um hótanir hafi verið að ræða heldur rifrildi milli ákærða og B og orð ákærða hafi ekki vakið ótta hennar. Af texta skilaboðana að má ráða að ákærði ætlaði sér að meiða B hitti hann hana. B lýsti því í framburði sínum

fyrir dómi að hún hefði orðið hrædd vegna orða ákærða og hefði tekið orð hans alvarlega og litið á þau sem hótanir. Hefur framburður hennar um líðan hennar vegna orða ákærða og þá upplifun hennar að um hótanir hafi verið að ræða, verið stöðug í gegnum alla málsmeðferðina. Ef litið er til þeirra orða sem ákærði viðhafði í skilaboðunum og heildstætt til þeirra samskipta sem áttu sér stað á milli ákærða og B verður að fallast á það með ákærvaldinu að í SMS-skilaboðunum hafi ákærði sett fram hótanir um líkamsmeiðingar gagnvart B sem hún hafi haft ástæðu til að ætla að hann mundi framkvæma. Í ljósi alls framangreinds er það mat dómsins að hafið sé yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi með ummælum sínum gerst sekur um brot gegn 233. gr. almennra hegningarlaga með þessum orðum sínum og verður hann því sakfelldur fyrir brotið.

Ákærða eru í 4. lið ákæru frá 24. maí 2019 gefnar að sök hótanir. Ákærði hefur viðurkennt að hafa sent B þessi skilaboð en byggir vörn sína á því að ekki hafi verið um hótanir að ræða af hans hálfu. Sagði ákærði fyrir dómi að svona orðalag notaði hann og enginn sem þekkti hann tæki alvarlega það sem hann segði á þennan hátt. Jafnvel þó að talið væri sannað að ákærði notaði almennt orðalag líkt þessu í samskiptum verður ekki talið að orðanotkun þessi verði af þessari ástæðu talin meiningarlaus þegar hún er sett fram í skilaboðum eins og hér er gert. Þá er til þess að líta, eins og ákærði ber sjálfur um, að hann var mjög reiður og sár B þegar orðin féllu. Það er mat dómsins að í orðum ákærða felist líflátshótanir gagnvart B. Er það skilyrði 233. gr., eins og hér að framan er rakið, að hótun sé til þess fallin að vekja ótta. Er það mat dómsins að orðalagið eitt og sér sé til þess fallið, auk þess sem B bar um það fyrir dómi að skilaboðin hefðu vakið hjá henni ótta. Í ljósi alls framangreinds er það mat dómsins að hafið sé yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi með ummælum sínum gerst sekur um brot gegn 233. gr. almennra hegningarlaga með þessum orðum sínum og verður hann því sakfelldur fyrir brotið.

Ákærði er 5. lið ákæru frá 24. maí 2019 ákærður fyrir að hafa 11. apríl 2019 hótað B líkamsmeiðingum og lífláti í viðurvist lögreglumanna. Ákærði hefur viðurkennt að hafa látið þessi orð falla í umrætt sinn en segir að ekki hafi verið ætlun hans að gera alvöru úr hótununum. Vitnið C lögreglumaður tók skýrslu af ákærða umrætt sinn og staðfesti hún að hótun ákærða hefði verið tekin alvarlega. Fyrir liggur að ákærði sætti nálgunarbanni gagnvart B 2. apríl en kvaðst þá engu að síður ætla að gera alvöru úr hótun sinni um að drepa B að lokinni skýrslutökunni. Þegar ákærði lét

Þau orð falla sem hann er hér ákærður fyrir var hann í gæsluvarðhaldi, sem m.a. grundvallaðist á því að þörf væri á að verja B fyrir árásum hans, en farið var fram á það eftir að ákærði setti hótunina fram í skýrslutöku 2. apríl 2019. Ákærði byggir vörn sína á því að hann hafi ekki ætlað að gera alvöru úr hótuninni. Hann hafi verið húsnæðislaus á þessum tíma og með hótuninni hafi hann getað tryggt að hann yrði settur í gæsluvarðhald. Af hálfu dómsins er ekki á það fallist að slíkar ætlanir ákærða, sem settar eru fyrst fram við aðalmeðferð málsins, séu til þess fallnar að réttlæta gerðir ákærða, jafnvel þó staðfestar væru.

Óljóst er hvort og þá hvenær B hafi fengið upplýsingar um að ákærði hafi látið þessi orð falla í skýrslutökunni. Eins og að framan er rakið er það einnig talið vera hótun samkvæmt 233. gr. almennra hegningarlaga þegar öðrum en þeim sem hótun er sett fram við er hótad leiði það til þess að viðkomandi óttist um þann sem er hótad. Ljóst er að í orðum ákærða fólst hótun um að fremja refsiverðan verknað. Ákvæðið gerir ekki að skilyrði að sá sem hótad er viti af hótun eða að sýnt sé fram á þau viðbrögð hans sem lýst er í 233. gr. laganna. Af framburði C og viðbrögðum lögreglu má ráða að hótanirnar hafi verið teknar alvarlega og hafi verið til þess fallnar að vitnið og starfsmenn lögreglu óttuðust um líf, heilbrigði eða velferð B. Með hliðsjón af framangreindu er það mat dómsins að hafið sé yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi með ummælum sínum gerst sekur um brot gegn 233. gr. almennra hegningarlaga með þessum orðum sínum og verður hann því sakfelldur fyrir brotið.

IV

Ákærði er fæddur árið [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði ákærða hefur hann nokkrum sinnum verið dæmdur til refsingar. Með dómi héraðsdóms frá [...] var ákærði dæmdur í fimm mánaða fangelsi skilorðsbundið í tvö ár fyrir brot gegn 257., 231., 233. og 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 auk brota gegn umferðarlögum nr. 50/1987. Þá var ákærði með dómi [...] dæmdur í 12 mánaða fangelsi, þar af voru tíu mánuðir skilorðsbundnir í þrjú ár, fyrir brot gegn 1. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga og umferðarlögum. Loks var ákærði dæmdur í 12 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í tvö ár, fyrir brot gegn 173. gr. a almennra hegningarlaga. Þá gekkst ákærði undir viðurlagaákvörðun héraðsdóms vegna umferðarlagabrota [...], m.a. vegna brots gegn 1., sbr. 2. mgr. 45. gr. a.

Ákærði er í máli þessu sakfelldur fyrir líkamsárás, hótanir og brot gegn nálgunarbanni. Brot hans, utan líkamsárásar, beindust gegn fyrrverandi kærustu hans. Verður til refsipýngingar litið til 1. og 3. töluliðar 1. mgr. 70. gr. sömu laga en brot ákærða beindust gegn heilsu og velferð B. Þá verður einnig litið til 6. töluliðar sama lagaákvæðis en ákærði hótaði B ítrekað á nokkurra mánaða tímabili og lét sér ekki segjast þrátt fyrir nálgunarbann og viðurvist lögreglumanna. Brot þau sem ákærði hefur verið sakfelldur fyrir samkvæmt ákæru frá 24. maí 2019 eru hegningarauki samkvæmt 78. gr. almennra hegningarlaga vegna viðurlagaákvörðunar frá 17. apríl 2019. Þegar litið er til allra þeirra brota sem ákærði hefur nú verið sakfelldur fyrir, þá framdi ákærði þau á tímabilinu frá febrúar til maí 2019. Með þeim rauf því ákærði skilorð dómsins frá [...]. Verður dómurinn tekinn upp og ákærða dæmd refsing í einu lagi, sbr. 60. og 77. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 18 mánuði. Til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist ákærða eins og í dómsorði segir. Með hliðsjón af sakarefni málsins og sakarferli ákærða eru ekki efni til að skilorðsbinda refsingu hans. Ákærði er sviptur ökurétti í 20 mánuði frá 17. desember 2019 að telja.

V

Af hálfu B eru settar fram í máli þessu tvær kröfur um miska- og skaðabætur úr hendi ákærða. Annars vegar er krafa sett fram með vísan til þeirra brota sem ákærði er ákærður fyrir í ákæru frá 24. maí 2019, að fjárhæð 4.500.000 krónur auk vaxta. Í greinargerð bótakrefjanda er krafan sundurliðuð í miskabætur að fjárhæð 4.000.000 króna og áætlaðan læknskostnað o.fl. að fjárhæð 500.000 krónur. Hins vegar er sett fram krafa vegna þeirra brota sem greinir í ákæru frá 20. júní 2019, að fjárhæð 2.717.610 krónur auk útlagðs kostnaðar sem einnig er vegna atvika er greinir í eldri ákærinni. Krafan sundurliðast nú í miskabætur að fjárhæð 2.000.000 króna, útlagðan kostnað að fjárhæð 117.610 krónur vegna reiknings Áfalla- og sálfræðimiðstöðvarinnar og kostnaðar vegna uppsetninga eða kaupa á öryggiskerfi og myndavélum, og fyrirsjáanlegan framtíðarkostnað vegna lækni/sálfræðipjónustu að fjárhæð 600.000 krónur. Ákærði hefur, eins og að framan er rakið, verið sakfelldur fyrir þau brot sem eftir standa. Um lagarök er af hálfu B vísað til 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Ákærði hefur með ólögmati og saknæmri háttsemi sinni valdið B miska og má af framburði hennar og framlögðum málgögnum ráða um

vanlíðan hennar vegna háttsemi ákærða. Miskabætur verða ákveðnar að álitum, í einu lagi vegna beggja krafanna, og með hliðsjón af dómvenju og þykja þær hæfilega ákveðnar 700.000 krónur. Þá greiði ákærði kostnað vegna Áfalla- og sálfræðimiðstöðvarinnar, 26.800 krónur, en ekki er fallist á að bótaskylda ákærða taki til kostnaðar vegna öryggiskerfis- og myndavéla. Þá er ekki fallist á að ákærða beri að greiða áætlaðan læknis- og sérfræðikostnað þar sem enn er óvíst um þann kostnað. Skal fjárhæðin bera vexti og dráttarvexti eins og í dómsorði greinir. Þá greiði ákærði B 300.000 krónur í málskostnað, og er við ákvörðun málskostnaðar tekið tillit til virðisaukaskatts.

Af hálfu A er krafist miska- og skaðabóta að fjárhæð 600.000 krónur auk vaxta. Ekki er á það fallist að framhaldsákæra 20. júní 2019, vegna bótakröfunnar, sé of seint fram komin, sbr. 1. mgr. 153. gr. laga um meðferð sakamála. Um lagarök er vísað til 1. mgr. 26. gr. skaðabotalaga nr. 50/1993. Ákærði hefur með ólögmati og saknæmri háttsemi sinni valdið A miska. Miskabætur verða ákveðnar að álitum og með hliðsjón af dómvenju og þykja þær hæfilega ákveðnar 100.000 krónur. Skal fjárhæðin bera vexti og dráttarvexti eins og í dómsorði greinir en bótakrafan var birt fyrir ákærða í þinghaldi 27. júní 2019. Þá greiði ákærði A 200.000 krónur í málskostnað, og er við ákvörðun málskostnaðar tekið tillit til virðisaukaskatts.

Eftir úrslitum málsins, sbr. 1. mgr. 218. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, verður ákærði dæmdur til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ingu Lillýjar Brynjólfsdóttur lögmanns, er telst alls hæfilega ákveðinn 960.000 krónur auk 12.100 króna vegna aksturskostnaðar. Við ákvörðun málsvarnarlauna hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts. Samkvæmt c-lið 1. mgr. 233. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála teljast til sakarkostnaðar óhjákvæmileg útgjöld vegna rannsóknar og meðferðar sakamáls, þ. á m. kostnaður við sérfræðilegar álitagerðir. Samkvæmt 53. gr. laganna er það markmið rannsóknar að afla allra nauðsynlegra gagna til þess að ákæranda sé fært að ákveða að henni lokinni hvort sækja skuli mann til saka. Í ljósi atvika er það mat dómsins að öflun geðmats hafi, eins og á stóð, verið óhjákvæmileg. Eru því ekki efni til að fallast á það með ákærða að kostnaður við öflun þess verði felldur á ríkissjóð. Ákærði greiði því 678.988 krónur í annan sakarkostnað samkvæmt framlögðu yfirliti ákæruvaldsins.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Haukur Gunnarsson saksóknarfulltrúi.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í 18 mánuði en til frádráttar kemur gæsluvarðhald sem ákærði hefur setið í frá 2. apríl 2019 til 28. maí 2019 og frá 4. júní 2019, með fullri dagatölu.

Ákærði er sviptur ökurétti í 20 mánuði frá 17. desember 2019.

Ákærði greiði B, kennitala [...], 726.800 krónur auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 12. febrúar 2019 til 27. júlí 2019, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags og 300.000 krónur í málskostnað.

Ákærði greiði A, kennitala [...], 100.000 krónur auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 6. mars 2019 til 27. júlí 2019, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags og 200.000 krónur í málskostnað.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ingu Lillýjar Brynjólfsdóttur lögmanns, sem samtals eru ákveðin 960.000 krónur, 12.100 krónur vegna aksturskostnaðar lögmanns og 678.988 krónur í annan sakarkostnað.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir